

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpstöð Rangárvallasýslu Sorpstöð Rangárvallasýslu Strönd.



Dags eftirlits	8.5.2012	Fulltrúi UST	Valur Klemensson
Fyrirtæki	Sorpstöð Rangárvallasýslu	Fulltrúi UST	Eva Dögg Kristjánsdóttir
Heimili	Suðurlandsvegi 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600893-2469	Flokkur	Úrgangur
Fulltrúi fyrirtækis	Ágúst I. Ólafsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ómar Sigurðsson	Staðsetning	690508,452 590016,913

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik var staðfest en það varðar urðun sláturúrgangs. Í starfsleyfir er heimild fyrir urðun á allt að 800 tonnum af formeðhöndluðum lífrænum úrgangi s.s. sláturúrgangi á ári en magnið fór yfir 1100 tonn árið 2011.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir ákvæði starfsleyfis er snúa að mælingum á grunnvatni en mælingamenn frá verkfræðistofunni Mannvit framkvæmdu mælingar í vor en niðurstöður þeirra mælinga höfðu ekki borist. Rætt var um kröfur er varða botnþéttingu og jarðfræðilegan tálma. Rætt var um magn sláturúrgangs sem berst staðnum og kom fram að óvenju mikið hefði borist af slíkum úrgangi það sem af er þessu ári. Aðstaða og umgengni á staðnum var skoðuð með Ágústi Inga Ólafssyni og Ómari Sigurðssyni og voru m.a. nýteknar urðunarreinar skoðaðar. Fram kom að reinar með sláturúrgangi væru huldar mjög ört og var enga fugla að sjá á svæðinu.

Frávik frá

Ákvæði 1.2 í starfsleyfi en þar segir að heimilt sé að urða allt að 800 tonn af formeðhöndluðum lífrænum úrgangi s. sláturúrgangi á ári.

Lýsing á frávik

Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila var magn sláturúrgangs sem urðað var árið 2011 rúm 1100 tonn.

ATHUGASEMDIR

Hauggassöfnun er ekki hafin á Strönd en rekstraraðili hefur sent inn erindi til Umhverfissráðuneytis þar sem sótt er um undanþágu frá hauggassöfnun.

ANNAÐ

Kröfur um botnþéttingu og jarðfræðilegan tálma hafa ekki verið uppfylltar. En rekstraraðili hefur sótt um frest til 1. september 2012 til að skila inn áætlun varðandi botnþéttingu. Einnig hefur rekstraraðili frest til 1. sept til að skila inn áætlun um hvernig hægt sé að draga úr magni sláturúrgangs til urðunar á staðnum.

Reykjavík, 10.07.2012

Valur Klemensson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.